

Egilsstaðir, 29. apríl 2021

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis
Inga Skarphéðinsdóttir, nefndarritari
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
150 Reykjavík

nefnasvið@althingi.is
ingaskap@althingi.is

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Skógræktin þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana (þingskjal 1191 – 712. mál). Skógræktin hefur áður sent inn umsögn um sama mál, þann 28. febrúar sl. á Samráðsgáttinni (mál nr. 30/2021 í Samráðsgáttinni).

Skógræktin fagnar breytingum sem geta orðið til einföldunar og styttingar á verkferlum vegna umhverfismats áætlana og umhverfismats framkvæmda, en gerir alvarlega athugasemd við eina þeirra breytinga sem lagðar eru til og sem lýtur að skógrækt. Sú tiltekna breyting er hvorki líkleg til þess að leiða til einföldunar né styttingar á verkferlum.

Í 1. viðauka, lið 1.04 (bls. 66), er lagt til að innleitt verði lægra stærðarviðmið fyrir ræktun skóga en í núgildandi lögum; að þröskuldsgildið verði 50 hektarar í stað núverandi 200 ha („Nýræktun skóga sem tekur til 50 ha eða stærra svæðis“).

Í greinargerð eru færð ýmis rök fyrir nauðsyn þess að lækka þetta stærðarviðmið. Engar þeirra standast skoðun.

- 1. Að 200 ha þröskuldsgildið nái „almennt ekki til skógræktarverkefna hér á landi og [sé] því í reynd ekki virk“.** Óljóst er hvað átt er við með þessari staðhæfingu, en Skógræktin telur hana einfaldlega ranga. Þröskuldsgildið 200 ha hefur verið afar virkt hér á landi og hefur haldið aftur af áhuga landeigenda til að rækta skóg á meira en 200 ha á landi sínu, af ótta þeirra við að þurfa að leggja í ófyrirsjáanleg útgjöld vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Meðalstærð íslenskra jarða er um 1000 ha skv. upplýsingum úr gagnagrunni Nýtjaland¹ sem

¹ Upplýsingar úr gagnagrunni Nýtjaland (Björn Traustason, Skógræktin). Í þessari tölu eru allmargar smájarðir - allt niður í 1 ha jarðir- teknar með í reikninginn.

<http://www.nytjaland.is/landbunadur/wqrala.nsf/key2/nytjaland.html>

er umtalsvert stærra en meðalstærð jarða í nágrennalöndum okkar. Margir þeirra eigenda meðalstórra eða stærri bújarða á Íslandi sem á annað borð hafa haft áhuga á að ráðast í skógrækt á jörðum sínum hefðu gjarnan kosið að gera samning um skógrækt á stærra flatarmáli lands en 200 ha. Núverandi þröskulgildi upp á 200 ha hefur haldið aftur af metnaði margra eigenda bújarða til að rækta skóg á bújörðum sínum.

2. Að í norsku reglugerðinni um umhverfismat sé miðað við 50 ha og að Ísland eigi af þeim sökum að taka upp samsvarandi þröskuldsgildi. Sá samanburður sem þarna birtist milli Noregs og Íslands er villandi, því miklu munar í aðstæðum norskra og íslenskra búa. Meðal annars er mikill munur á landsstærð norskra og íslenska bújarða. Meðalstærð norskra bújarða er 130 ha, en 1000 ha á Íslandi. Sjötíu og eitt prósent (71%) norskra jarða eru með nytjaskóg (no. *produktiv skog*) á jörðinni², en slík landræn auðlind er – enn sem komið er – fáséð á Íslandi. Auk þess er Noregur að heita má alls staðar vaxinn skógi (utan þéttbýlis, annarra mannvirkja og landbúnaðarlands) þar sem skógur getur á annað borð vaxið. Þar er því óvíða að finna samfelld, skóglaust land til nýskógræktar sem nær yfir 50 ha. Öðru máli gegnir um Ísland; hér er landrými jafnt til landbúnaðar og til nýskógræktar mikið og því með öllu óþarft, tilgangslaust og öfugvirkandi að setja frekari hömlur á möguleika landeigenda til þess að rækta skóg á stóru, samfelldu flatarmáli lands. Hér á landi fer gróðurlendi og jarðvegi enn hrakandi eftir aldalanga rányrkju – en slík landhnignun er nánast óþekkt í Noregi. Hér væri aukinn skógur og efling skógræktar beitt vopn í baráttunni gegn jarðvegs- og gróðureyðingu, auk annars, og langsótt að ætla að sá aukni skógur hefði ófarnað í för með sér.

3. Að skógrækt geti haft áhrif á landslag og að skv. lögum og alþjóðlegum samningum beri að leggja áherslu á landslagsvernd. Hér er blandað saman óskyldum hlutum. Skógrækt er ekki líkleg til þess að hafa neikvæð áhrif á landslag séu þeir hannaðir til að falla að landslagi, eins og raunin er við skipulag nýskógræktar héraðs. Landslagsvernd felst ekki í því að viðhalda skóglausu landslagi (berangri) hvarvetna, heldur í því að láta skóga falla vel að landslagi og taka tillit til landslagsþátta við gerð ræktunaráætlana. Samkvæmt núgildandi reglugerð³, skal í ræktunaráætlunum taka fullt tillit til náttúruverndar og umhverfissjónarmiða í samræmi við gildandi lög s.s. varðandi lífríki, fornleifar, náttúruminjar, verndarsvæði og landslag. Rík áhersla er einnig lögð á að tillit sé

² <https://www.ssb.no/iord-skog-iakt-oq-fiskeri/statistikker/laeiby/aar/2015-06-19>

³ Reglugerð um landshlutaverkefni í skógrækt [https://www.regluqerd.is/regluqerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--oq-audlindaraduneyti/nr/19455](https://www.regluqerd.is/regluqerdir/efrir-raduneytum/umhverfis--oq-audlindaraduneyti/nr/19455)

tekið til landslags í leiðbeiningum Skógræktarinnar⁴. Aukinn fjöldi og tíðni fimmtíu hektara „skógarfrímerkja“ í landslagi er ekki rétta leiðin til þess að „vernda landslag“ né yrði það í anda Landslagssamnings Evrópu (sem Ísland hefur staðfest). Árangursríkari landslagsvernd samfara nýskógrækt felst í því að setja ekki þröngar stærðartakmarkanir á flatarmál ræktaðra skóga, heldur að auka fjölbreytni landslags með aukinni þekju skóga, um leið og landslagssjónarmiða – sem og annarra sjónarmiða – er gætt.

Í greinargerð frumvarpsins á bls. 42 kemur fram að ekki hafi verið talið rétt að víkja frá 50 ha viðmiði varðandi nýræktun skóga. Skógrækt, líkt og önnur ræktun og mannvirkjagerð, getur haft í för með sér miklar breytingar á vistkerfum og landslagi. Á það skal bent, að breytingar á vistkerfum og landslagi þurfa ekki allar að vera til illis eða bölvunar. Á slíkt við um nýskógrækt í skóglausasta landi Evrópu þar sem jarðvegs- og gróðureyðing er enn alvarlegasta umhverfisvandamál sem menn eiga við að glíma. Við þær aðstæður hlýtur aukin þekja skóga að vera til vistfræðilegra og landslagsarkitektónískra bóta.

Vissulega má segja að almennt megi líta á skógrækt sem langtímaráðstöfun á landi, en það sama gildir fyrir flesta aðra landnotkun, s.s. túnrækt, vegagerð og byggingar. En hve varanleg er slík „langtímaráðstöfun“? Skógræktin fær reglulega inná borð til sín mál þar sem óskað er eftir umsögn um varanlega eyðingu skógar þar sem í staðinn eiga að koma byggingar, vegagerð, tún, malarnámur o.fl. Af því má ráða, að skógrækt á þessum svæðum sé ekki álitin sérlega „óafturkræf“ af framkvæmdaraðilum sem vilja breyta skóginum í eitthvað annað. Saga mannkyns sýnir raunar að skógrækt er afar afturkræf aðgerð og að skóglendi megi auðveldlega breyta í akurlendi, tún, þéttbýli eða hvað sem er. Nánast allt land sem nú er landbúnaðarland í Vestur-Evrópu og austanverðri Norður-Ameríku var þakið skógi þegar þar hófst ræktunarmenning. Á Íslandi var birkiskógur á nær öllu láglandi, þ.m.t. landbúnaðarlandi, við landnám. Saga menningar er samofin sögu skógareyðingar og af henni má draga þann lærdóm að skógur hindrar ekki ræktun né aðrar breytingar á landnýtingu. Úr því landnámsmenn gátu rutt burt skógi með eldi, öxi og reku, þá er það varla miklum vandkvæðum bundið fyrir nútímamanninn og allar hans stórvirku vinnuvélar að breyta landnotkun á skógi.

Nái sú tillaga fram að ganga, að þröskuldsgildið fyrir nýskógrækt verði lækkað úr 200 ha í 50 ha, yrði það til þess eins að draga úr vilja, löngun og getu landeigenda til þess að stunda skógrækt á landi sínu. Með því er um leið dregið úr getu landeigenda til að ná

⁴ Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga (2017)

https://www.skoqur.is/static/files/ymisleqt/Skoqraektogskipurlag_2017_lores.pdf

markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum⁵, en nýskógrækt er ekki síst mikilvægt tæki til þess að markmiðum um kolefnishlutleysi Íslands verði náð fyrir árið 2040⁶. Auk þess verður ekki séð hvað þessi breyting á að tryggja umfram það sem ætla skyldi að náttúruverndarlög, alþjóðlegir samningar um umhverfismál og sjálfbærni og skipulagsáætlanir ríkis og sveitarfélaga, geri, svo fátt eitt sé nefnt. Hér er verið að varpa miklum og óþörfum stjórnsýslukostnaði yfir á framkvæmdaraðila - sem í flestum tilfellum eru bændur – sem eru að leggja grunn að eflingu græna hagkerfisins á sama tíma og þeir eru að framfylgja stefnu ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna⁷. Bætist þetta við aðrar íþyngjandi og kostnaðarsamar kröfur sveitarfélaga á þá landeigendur sem vilja láta gott af sér leiða í umhverfismálum⁸.

Vert er að hafa í huga að ræktunaráætlun er unnin fyrir nánast alla skógrækt nema þá helst þegar gróðursett er í sumarbústaðalönd. Sú ræktunaráætlun byggir á skipulagi og áætlunum sem þegar hafa farið í umhverfismat, s.s. aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags og landsáætlun í skógrækt sem senn fer í kynningu. Gæta þarf þess að regluverk sé ekki of íþyngjandi fyrir lítil fyrirtæki og einstaklinga, enda getur það verið kostnaðarsamt fyrir samfélagið og dregið úr almennri hagsæld.

Virðingarfyllst, f.h. Skógræktarinnar,



Dr. Adalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri,
adalsteinn@skogur.is
Skógræktin,
700 Egilsstaðir

⁵ Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvaldatil að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. <https://www.stiomarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

⁶ Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 (markmið um kolefnishlutleysi). [https://samradsqatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2906#advices](https://samradsqatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2906#advices)

⁷ Heimsmarkmiðin. Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. <https://www.un.is/heimsmarkmidin/>

⁸ Skrifræði sveitarstjórna tefur skógrækt. Fréttablaðið 11. apríl 2021. <https://www.frettabladid.is/frettir/skrifraedi-sveitarstioma-tefur-skoograekt/>

GSM 8987862

Hrefna Jóhannesdóttir

Hrefna Jóhannesdóttir, skipulagsfulltrúi
hrefna@skogur.is
Gamla Gróðrarstöðin,
Krókeyri, 600 Akureyri
Gsm: 626-1016